

Samruni Fagkaupa ehf. og BG Fossberg ehf.

I. Málsmeðferð

1. Þann 13. maí 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Fagkaupa ehf. (Fagkaup) og BG Fossberg ehf. (BG Fossberg). Starfsemi beggja samrunaaðila snertir innflutning, dreifingu og sölu á vélum og verkfærum fyrir iðnað, svo sem handverkfærum, rafmagnsverkfærum, festingum, borum og snittverkfærum, loftpressum, loftverkfærum og lögnum, skurðar og slípivörum o.fl. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020.
2. Þann 31. maí 2022 átti Samkeppniseftirlitið fund með samrunaaðilum vegna samrunatilkynningarinnar. Á fundinum var gerð nánar grein fyrir samrunanum og eðli hans. Á fundinum greindi eftirlitið frá því að samrunaskrána skorti m.a. nánari upplýsingar varðandi mat samrunaaðila á veltu og markaðshlutdeildum keppinauta, upplýsingar sem nauðsynlegar eru til rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Þann 8. júní 2022 sendi Samkeppniseftirlitið tilkynningu þess efnis að samrunaskráin teldist ófullnægjandi.
3. Samrunaaðilar sendu, í kjölfarið, nýja samrunatilkynningu þann 15. júní 2022. Eftir yfirferð á samrunaskránni og tilheyrandi gögnum var samrunaaðilum tilkynnt að hún teldist fullnægjandi. Byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum því að líða þann 16. júní 2022.
4. Þann 24. júní 2022 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir öllum þeim gögnum sem unnin hefðu verið eða lögð fyrir stjórnendur, stjórn eða eigendur samrunaaðila í tengslum við aðdraganda samrunans ásamt öðrum fyrirliggjandi gögnum er varða þá starfsemi, þjónustu eða markaði sem samruninn kynni að hafa áhrif á. Þann 28. júní 2022 óskaði Samkeppniseftirlitið jafnframt eftir umsögnum frá keppinautum um markaðsskilgreiningar og upplýsingar um stöðu samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum sem lýst er í samrunaskrá. Þá var einnig óskað eftir því að keppinautar legðu mat á lýsingu samrunaaðila á samkeppnislegum áhrifum samrunans á viðkomandi markaði. Þá hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga frá Ríkisskattstjóra um innflutning á vörum til dreifingar og sölu á byggingavörumarkaðinum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir mat eftirlitsins verður þeirra getið.
5. Við frekari skoðun á innanhúsgögnum frá samrunaaðilum kom í ljós að ýmsir annmarkar væru á gögnunum og að ekki öll gögn hefðu borist. Þurfti því að óska eftir frekari útskýringum á gögnunum ásamt því að ítreka að öll umbeðin gögn skyldu afhent. Bárust umbeðin gögn loks 15. júlí 2022. Þann 21. júlí 2022 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.



II. Samruninn og aðilar hans

6. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Fagkaupa á öllu útgefnu hlutafé í félaginu BG Fossberg felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
7. Líkt og fram kemur í samrunaskrá má skipta starfsemi Fagkaupa í fimm rekstrarsvið og nýttir félagið nokkur vörumerki í starfsemi sinni. *Sindri og Sindri vinnuföt* er rekstrareining undir Fagkaupum ehf., en *Sindri* selur m.a. rafmagns- og handverkfæri, rafsuðuvörur, loftpressur og festingavörur. *Johan Rönnung* sérhæfir sig í þjónustu og sölu á rafbúnaði og rafmagnslausnum til stórnotenda og iðnaðarins. Um er að ræða rafstrengi, tengibúnað, lagnaefni, töflubúnað, stýribúnað, fjarskipta- og hitabúnað sem og ljósabúnað. *S. Guðjónsson* sér um sölu og þjónustu á raflagna- og fjarskiptaefni undir 1000V til rafverktaka og fyrirtækja. Þá er einnig lýsingarsvið þar sem áherslan er á sölu og ráðgefandi þjónustu til hönnuða, rafverktaka, fyrirtækja og að takmörkuðu leyti til almennings. *Áltak* býður til sölu ýmsar vörur til húsbýgginga, svo sem utanhússklæðningar, iðnaðarhurðir, stiga og hringstiga, hillukerfi, kerfislof, steypumót, hljóðlausnir, glugga og gluggakerfi. *Vatn og veitur* er rekstrareining í tengslum við vatns- og pípulagnir, frárennsliskerfi og hitabúnað.
8. Fagkaup er í fullri eigu AKSO ehf. Fagkaup keypti félagið KH Vinnuföt ehf. árið 2021. KH Vinnuföt ehf. hefur með höndum sölu og þjónustu á vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm og öryggisvörum, sem og umboðsmennsku fyrir vörumerki á þessu sviði. Þá segir í samrunaskrá að Varma og vélaverk ehf., sé sjálfstætt félag í eigu Fagkaupa, en félagið selji og þjónusti sérhæfðan búnað fyrir veitufyrirtæki, sjávarútveg og iðnað.
9. Fagkaup tók nýverið yfir rekstur ÍJ ehf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2022 en einnig Hagblíkk ehf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2022. Þá á Fagkaup fjögur dótturfélög sem stofnuð voru til þess að halda utan um nöfn rekstrareininga innan félagsins, en það eru félögin Johan Rönnung ehf., Áltak ehf., S. Guðjónsson ehf., og Vatn & veitur ehf. Engin starfsemi er í félögunum fjórum, en starfsemi rekstrareininganna fer fram í nafni Fagkaupa ehf.
10. BG Fossberg er móðurfélag Fossberg ehf. (hér eftir Fossberg). Skráður tilgangur BG Fossberg er almenn verslunarstarfsemi, smásala, heildsala og innflutningur, eignaraðild rekstur og útleiga fasteigna sem og eignaraðild og þátttaka í rekstri annarra félaga svo og lánastarfsemi. Aðalstarfsemi félagsins er starfsemi eignarhaldsfélaga. Skráður tilgangur Fossberg er að reka verslun og stunda innflutning á hvers konar vélavörum, smíðatólum, málmum og öðrum vörum og annað er rekstrinum fylgir. Aðalstarfsemi Fossberg er smásala á járn- og byggingarvöru í sérverslunum. Starfsemi félagsins er sú starfsemi sem skarast við starfsemi rekstrareininga Fagkaupa; Sindri og Sindri vinnuföt og KH Vinnuföt, sem samruninn hefur áhrif á. Fossberg á engin dótturfélög.

III. Niðurstaða

11. Í þessum kafla er tekin saman umfjöllun um markaði málsins, stöðu samrunaaðila á þeim og lagt mat á áhrif samrunans á samkeppni.



1. Markaðir málsins, staða fyrirtækja á þeim og mat á áhrifum samrunans

12. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.¹ Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

1.1. Sjónarmið samrunaaðila um markaði málsins, hlutdeild og áhrif samrunans

13. Að mati samrunaaðila hafa þeir báðir starfsemi á svokölluðum MRO-markaði (e. *Maintenance, repair and operations*). Samrunaaðilar vísa í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2022 um kaup Rubix Íslandi ehf. á öllum hlutum í Verkfærasölnni ehf. en þá fjallaði eftirlitið síðast um MRO-markaðinn. Þeir vöruflokkar sem samrunaaðilar telja að samruninn hafi áhrif á er innflutningur og sala á 1) borar og snittverkfæri, 2) festingar, 3) handverkfæri, 4) loftpressur, 5) loftverkfæri og lagnir, 6) rafmagnsverkfæri, 7) rafsuðuvörur, 8) sandblástursvörur, 9) skurðar og slípivörur, 10) varahlutir í pressur og 11) vinnufatnaður.
14. Rekstrareiningar Fagkaupa ehf., Sindri og Sindri vinnuföt, sem og dótturfélag Fagkaupa ehf., KH Vinnuföt ehf., hafa með höndum starfsemi sem snertir ofangreinda vöruflokkanna. Starfsemi BG Fossberg ehf. í gegnum dótturfélagið Fossberg ehf., snertir jafnframt sömu vöruflokkanna. Starfsemi félaganna skarast og því er um láréttan samruna að ræða, en vöruúrval samrunaaðila er ekki fyllilega sambærilegt, að mati samrunaaðila þar sem að um mismunandi áherslur sé að ræða í þeim efnum.
15. Samrunaaðilar selja vörur sínar fyrst og fremst á Íslandi og að mati þeirra ber að líta á Ísland sem eitt markaðssvæði í því tilliti og jafnframt landfræðilegan markað málsins.

Mat samrunaaðila á hlutdeild

16. Hvað varðar mat samrunaaðila á hlutdeild á framangreindum mörkuðum kemur fram í samrunaskrá að nokkuð erfitt sé að áætla stærð þeirra. Þannig sé flokkun á vörum í innflutningi þess eðlis að erfitt sé að sækja upplýsingar um innflutning eftir tollskrárnúmerum. Samrunaaðilar hafi þó leitast við að meta stærð hvers markaðar út frá ársreikningum keppinauta fyrir árið 2020.² Í töflu 1 hér að neðan má sjá áætlaða hlutdeild samrunaaðila sem fram kemur í samrunaskrá.

¹ Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni eða þjónustunni sjálfri og hvar hún er seld, s.s. opnunartíma verslana eða á hvaða tíma þjónusta er veitt.

² Samrunaaðilum reyndist ekki unnt að áætla stærðir markaða fyrir árið 2021, þar sem að keppinautar voru almennt ekki búnir að skila ársreikningum þegar tilkynnt var um samrunann.



Tafla 1: Áætluð markaðshlutdeild samrunaaðila

Vöruflokkur	Markaðshlutdeild Fagkaup 2020	Markaðshlutdeild Fossbergs 2020	Sameiginleg hlutdeild
Borar og snittverkfæri	5-10%	5-10%	10-15%
Festingar	5-10%	0-5%	5-10%
Handverkfæri	10-15%	0-5%	10-15%
Loftpressur	0-5%	0-5%	0-5%
Loftverkfæri og lagnir	0-5%	0-5%	0-5%
Rafmagnsverkfæri	10-15%	5-10%	15-20%
Rafsuða	0-5%	0-5%	0-5%
Sandblástur	10-15%	0-5%	10-15%
Skurðar og slípivörur	5-10%	0-5%	10-15%
Varahlutir í pressur	0-5%	0-5%	0-5%
Vinnufatnaður	25-30%	0-5%	25-30%

* Hér er um að ræða áætlaða hlutdeild rekstrareininga Fagkaupa sem hafa starfsemi í fyrrgreindum vöruflokkum og Fossberg.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

17. Að mati samrunaaðila eru samkeppnisleg áhrif samrunans óveruleg. Hvorugur samrunaaðila sé markaðsráðandi á MRO-markaðnum. Þar að auki séu fjölmargir keppinautar á markaðnum og margir þeirra með töluverða markaðshlutdeild í mismunandi vöruflokkum. Þá hafi samruninn, að mati samrunaaðila, það ekki í för með sér að markaðsráðandi staða myndist.
18. Að mati samrunaaðila muni samruninn ekki hafa áhrif á vöruframboð enda ríki öflug og virk samkeppni á hlutaðeigandi mörkuðum. Þá sé eftir bestu vitund samrunaaðila engar aðgangshindranir í lögum eða reglugerðum sem komi í veg fyrir að nýir aðilar hefji starfsemi á MRO-markaði. Þá benda samrunaaðilar einnig á að byggingaraðilar og einstaklingar flytji sjálfir inn verkfæri, festingar, handverkfæri og vinnufatnað. Þá sé einnig nokkuð greiður aðgangur að birgjum og telji samrunaaðilar ekki að samruninn hafi áhrif á eftirspurn eftir vörum á MRO-markaði.

1.2. Sjónarmið hagsmunaaðila um markaði málsins, hlutdeild og áhrif samrunans

19. Samkeppniseftirlitið hefur það hlutverk samkvæmt samkeppnislögum nr. 44/2005 að rannsaka samruna og ber því að leggja mat á það hvort samruni fyrirtækja raski samkeppni og skaði þar með hagsmuni almennings. Liður í slíkri rannsókn er að afla sjónarmiða fyrirtækja sem eftir atvikum eru keppinautar eða viðskiptavinir samrunaaðila.
20. Samkeppniseftirlitið óskaði því þann 28. júlí 2022 eftir því að félög á viðkomandi mörkuðum myndu tjá sig almennt um efni umræddrar samrunatilkynningar varðandi markaðsskilgreiningar og stöðu aðila á viðkomandi mörkuðum og einnig, hvort að félögin væru samsinnis lýsingu samrunaaðila á samkeppnislegum áhrifum á viðkomandi mörkuðum en ef ekki, hvaða áhrif félögin töldu að samruninn gæti haft á samkeppni á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á.
21. Samkeppniseftirlitinu bárust 11 umsagnir en fjórar þeirra voru bundnar trúnaði. Umsagnaraðilar gerðu ekki athugasemdir við markaðsskilgreiningar þær sem samrunaaðilar styðjast við í samrunaskrá. Þó vildu Rubix Ísland ehf. og Verkfæralagerinn ehf., sem er í eigu Rubix Ísland ehf., meina að markaðina ætti að skilgreina víðar en fram kæmi í samrunaskrá.
22. Taldi umsagnaraðili I erfitt að sannreyna það sem fram kæmi í samrunaskrá varðandi stöðu fyrirtækja á markaði þar sem flest fyrirtæki á þessum mörkuðum tilheyri stærri félögum og skili



einungis einum ársreikningi fyrir alla samsteypuna. Var samruninn talinn hafa neikvæð áhrif á samkeppni, sérstaklega fyrir minni félög á markaði, sem standi höllum fæti gagnvart stórum aðilum. Þá taldi viðkomandi að það að Fagkaup kæmist yfir samninga við birgja sem séu í viðskiptum við smærri aðila á markaði gæti haft neikvæð áhrif á viðskiptasambönd.

23. Umsagnaraðili II taldi að samruninn leiddi til frekari samþjöppunar á byggingavörumarkaðinum á kostnað smærri aðila. Þá var gerð athugasemd við áætlaðar hlutdeildir á rafsuðumarkaðinum og að uppgefnar hlutdeildir Sindra og Fossberg á loftpressumarkaði og handverkfæramarkaði væru vanmetnar. Þá voru aðrir flokkar einnig taldir ofmetnir og sameiginlegur styrkur samrunaaðila á verkfæramarkaðinum mun meiri en gefið væri í skyn í samrunaskrá. Þá hefði Fagkaup nú þegar mjög sterka stöðu í beinni sölu og heildsölu á verkfærum og að enn frekari stækkun samsteypunnar myndi hafa neikvæð áhrif á samkeppni. Samruninn væri til þess fallinn að þetta markaðinn enn frekar og að uppstokkun sem þessi gæti gert minni aðilum erfiðara um vik, þá sérstaklega smærri aðilum úti á landi, enda viðkvæmari fyrir breytingum, bæði innanlands sem erlendis, þar sem fyrirtæki gætu misst kjölfestu birgja í kjölfar samrunans.
24. Umsagnaraðili III taldi samrunaskrána gefa ranga mynd af markaðnum og markaðshlutdeildir aðila á markaði ofmetnar. Þá taldi viðkomandi að samruninn hefði verulega slæm áhrif á samkeppni í ljósi enn frekari samþjöppunar á markaði. Fagkaup myndi styrkjast enn frekar og aðgengi að vörum yrði á höndum færri keppinauta. Þetta væri sérstakt áhyggjuefni í samkeppnisumhverfinu í dag þar sem aðgengi að vörum væri í sumum tilvikum minna og erfiðara sökum ástandsins í heiminum ásamt því að vöruverð hefði hækkað. Af þeim sökum teldi viðkomandi að hagsmunum neytenda væri best borgið ef innflutningur væri á höndum sem flestra aðila þar sem ytri aðstæður á heimsvísu gætu hæglega skapað íslenskum innflytjendum ákveðna einokunarstöðu sem leitt gæti til markaðsráðandi stöðu.
25. Umsagnaraðili IV gerði ekki athugasemdir við lýsingu á samkeppnislegum áhrifum í samrunaskrá, miðað við gefnar forsendur en hvatti til þess að Fagkaupum yrði veitt sérstök athygli af hálfu Samkeppniseftirlitsins.
26. Þá kom fram í þremur umsagnanna að helstu breytingar á samkeppnisumhverfi á MRO-markaðinum á undanförunum árum væru tilkomnar vegna aukinnar samkeppni sem stafi af auknum innflutningi m.a. vegna betra úrvals á vefverslunum erlendis. Þá nefndi einn umsagnaraðila að verðhækkningar og lengri afgreiðslutími birgja hefði einnig haft áhrif á samkeppni að undanförunu.

1.3. Athugasemdir samrunaaðila við sjónarmið hagsmunaaðila

27. Þann 7. ágúst 2022 bárust sjónarmið samrunaaðila vegna athugasemda hagsmunaaðila. Að mati samrunaaðila eru áhyggjur um að fyrirhugaður samruni ýti undir eða leiði til þess að sameinað félag myndi í krafti stærðar sinnar stunda og viðhafa undirboð óþarfar. Að mati samrunaaðila sé mjög mikil samkeppni um sölu verkfæra, ekki síst m.t.t. þess að mikið sé um beinan innflutning á slíkum rekstrarvörum, vörum sem séu einsleitir og staðlaðar og taka lítið rúmmál í flutningi og því auðvelt að flytja. Þessu til viðbótar fari afsláttarkjör viðskiptavina Fagkaupa eftir magni og umfangi viðskipta hvernar rekstrareiningar.
28. Varðandi tilvísun umsagnaraðila til þess að Fagkaup komist með samrunanum yfir samninga við enn fleiri birgja þá er það að mati samrunaaðila ekki sérstakt áhyggjuefni þar sem að samruninn hafi ekki veruleg áhrif á samstæðu Fagkaupa til stækkunar. Aðgengi að birgjum sé frjálst og þeim sem hugnist geti flutt inn hvaða vörur sem er og ótal leiðir séu til að nálgast vörur erlendis, til innflutnings, jafnvel þó svo að einn aðili sé með samning við birgja um þjónustu og



markaðssetningu. Nefna samrunaaðilar í þessu samhengi De Walt rafmagnsverkfærin, sem seld séu víða.

29. Samrunaaðilar nefna að mat á heildarstærð markaða og undirmarkaða byggji á opinberum gögnum og auk þess reynslu starfsmanna samrunaaðila. Samrunaaðilar teldu jafnframt að um varfærið mat væri að ræða.
30. Þá virðist meirihluti umsagnaraðila vera sammála mati samrunaaðila, m.a. varðandi það að samkeppni á MRO markaði sé að aukast ár frá ári svo sem vegna beins innflutnings, meðal annars í gegnum erlendar vefsíður og beinan innflutning í byggingariðnaði.

1.4. Mat Samkeppniseftirlitsins á mörkuðum málsins, hlutdeild og áhrif samrunans

Markaður fyrir innflutning, dreifingu og sölu á byggingavörum

31. Ljóst er af því sem fram kemur í samrunaskrá, að samrunaaðilar hafi báðir með höndum starfsemi á byggingavörumarkaði. Vísa samrunaaðilar til svokallaðs MRO-markaðar (e. maintenance, repair and operations), sem fjallað var um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2022, *Kaup Rubix Íslandi ehf. á öllum hlutum í Verkfærasölu ehf.* Samrunaaðilar skilgreina MRO-markaðinn í þessu máli í nánari undirmarkaði fyrir innflutning, dreifingu og sölu á 1) borum og snittverkfærum, 2) festingum, 3) handverkfærum, 4) loftpressum, 5) loftverkfærum og lögnum, 6) rafmagnsverkfærum, 7) rafsuðuvörum, 8) vörum til sandblásturs, 9) skurðar og slípivörur, 10) varahluti í loftpressur og 11) vinnuföt og mögulega fleiri.
32. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2022 var það metið svo að ekki væri þörf á að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar á markaðinum í málinu enda hefði það ekki áhrif á niðurstöðu málsins. Samrunaaðilar voru á þeirri skoðun að markaðurinn samanstæði af tveimur almennum flokkum, þ.e. iðnaðarvarahlutum og almennum viðhaldi.
33. Í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2021, *Samruni Johan Rönnung hf. og Varma og vélaverks ehf.* og nr. 2/2017, *Samruni Johan Rönnung hf. og Efnissölu G.E. Jóhannssonar ehf.*, var fjallað um mögulega undirmarkaði hins alhliða byggingavörumarkaðar hér á landi, án þess að það hafi verið tekin endanleg afstaða til markaðsskilgreiningar.
34. Þá var í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2015, *Brot Byko ehf. á 10. gr. samkeppnislaga*, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2015, *Byko ehf. og Norvik hf. gegn Samkeppniseftirlitinu* fjallað um markaði fyrir byggingavörur hér á landi. Í málinu var komist að þeirri niðurstöðu að verðslanir sem bjóði breitt úrval byggingavöru og skyldra vara séu sérstakur flokkur verzlana sem starfi á aðgreindum markaði. Auk slíkra alhliða byggingavöruverzlana séu starfandi sérverðslanir með ýmsa vöruflokka sem einnig séu seldir í áðurnefndum alhliða byggingavöruverzlunum. Sem dæmi má nefna málningarvöruverðslanir, gólfefnabúðir og verðslanir með lagnir og heimilistæki. Þó staðganga kunni að vera á milli þeirra vara sem seldar eru í alhliða byggingavöruverzlunum og svokölluðum sérverðslunum þá tilheyrir hvor verðslunargerðin um sig sínum eigin markaði.³
35. Þá hefur Samkeppniseftirlitið einnig fjallað um hin alhliða byggingavörumarkað og skylda markaði í ákvörðunum nr. 15/2022, *Samruni Fagkaupa ehf. og Hagblikks ehf.*, nr. 11/2022, *Samruni*

³ Svipuð sjónarmið voru sett fram í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/2002, *Kaup Byko hf., Húsasmiðjunnar hf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf. á hlutum í Steinullarverksmiðjunni hf.* og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2015, *Brot Byko ehf. á 10. gr. samkeppnislaga*



Fagkaupa ehf. og ÍJ ehf., og nr. 22/2021, Kaup Fagkaupa ehf. á KH Vinnufötum ehf. Þá hefur framkvæmdastjórnin fjallað um markaði fyrir sölu og dreifingu á byggingavörum í samrunamálum, án þess að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar á mörkuðum.⁴

36. Samkeppniseftirlitið telur að við úrlausn þessa máls megi hafa hliðsjón af markaði fyrir innflutning, sölu og dreifingu á byggingavörum eða svokallaðs MRO-markaðar, eins og samrunaaðilar vísa til. Þann heildarmarkað má svo eftir atvikum flokka nánar undirmarkaði, þ. á m. þá markaði eða svið sem vísað hefur verið til hér að framan og mögulega fleiri. Þannig hefur að mati eftirlitsins ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina ætti markað málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið og gert hefur verið í fyrri ákvörðunum eftirlitsins.

Að mati eftirlitsins eru vísbendingar um að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland en að hann geti mögulega verið staðbundinn eftir mismunandi landshlutum eða þjónustusvæðum. Þá er ljóst að nokkurt samkeppnislegt aðhald sé af beinum innflutningi. Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til afmörkunar landfræðilegs markaðar málsins.

Markaðshlutdeildir samrunaaðila og keppinauta

37. Tilgangur þess að meta markaðshlutdeild á skilgreindum mörkuðum í samrunamálum er að auðvelda mat á því hvort samruni muni leiða til skaða fyrir neytendur og tjóns fyrir samfélagið. Slíkt tjón getur meðal annars átt sér stað vegna þess að samrunaaðilar nýti sér aukinn efnahagslegan styrkleika eftir samruna til að hækka verð eða eftir atvikum til að draga úr gæðum vöruframleiðslu eða þjónustu til að minnka kostnað. Mat á markaðshlutdeild er jafnan hluti af mati á aðstæðum á mörkuðum og er markaðshlutdeild eitt þeirra atriða sem gefur vísbendingu um efnahagslegan styrkleika. Við mat á því hvort að tiltekin markaðshlutdeild beri vott um skaðlega samþjöppun þarf jafnan að horfa til ýmissa annarra eiginleika markaðarins og þeirra fyrirtækja sem um ræðir í viðkomandi máli.
38. Markaður sá sem samruninn hefur áhrif á er mögulegur markaður fyrir innflutning, dreifingu og sölu á byggingavörum eða MRO-markaðurinn á Íslandi. Miðað við þá undirmarkaði sem samrunaaðilar styðjast við er um lárétta skörun að ræða í vöruflokkum fyrir innflutning, dreifingu og sölu á festingum, handverkfærum, loftverkfærum og lögnum, rafmagnsverkfærum, skurðar og slípivörum og vinnufatnaði. Þá skarast starfsemi samrunaaðila, sem snertir innflutning og dreifingu á loftpressum, varahlutum í loftpressur, rafsuðuvörum og vörum til sandblásturs að einhverju leyti en ekki miklu.
39. Hvað varðar aðstæður á þessum mörkuðum þá er ljóst að þónokkur fyrirtæki hér á landi sinna innflutningi, dreifingu og sölu í umræddum vöruflokkum með sambærilegum hætti og samrunaaðilar. Aðrir helstu keppinautar eru samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum: Húsasmiðjan ehf., Byko ehf., Verkfærasalan ehf., Klettur – sala og þjónusta ehf., Vinnuföt, heildverslun ehf., Iðnvélar ehf., Bauhaus Ísland ehf., Wurth á Íslandi ehf., Dynjandi ehf. og Rubix Ísland ehf. Öll þessi fyrirtæki annast innflutning, sölu og dreifingu á byggingavöru hér á landi.
40. Við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga frá Ríkisskattstjóra um heildarinnflutning fyrirtækja er starfa við innflutning, dreifingu og sölu á festingum, handverkfærum, loftverkfærum og lögnum, rafmagnsverkfærum, skurðar- og slípivörum og vinnufatnaði. Óskað var bæði upplýsinga um innkaupsverð og tollverð og var þess óskað að

⁴ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 2017 í máli nr. COMP/M.8524, *Advent International Corporation/Industrial Parts Holding* og frá 7. janúar í máli nr. 2013 COMP./M.6808, *Pai Partners/Industrial Parts Holding*.



upplýsingarnar væru sundurliðaðar eftir fyrirtækjum. Til að meta stöðu aðila á markaði fyrir innflutning á fyrrgreindum flokkum skoðaði Samkeppniseftirlitið þær upplýsingar sem bárust um innflutning m.a. í tollskrárnúmerum í 39., 65., 82. – 84. og 90. kafla tollskrárinnar.⁵

41. Miðað við þau gögn sem Samkeppniseftirlitið hefur undir höndum frá samrunaaðilum og Ríkisskattstjóra er það mat eftirlitsins að samanlögð hlutdeild samrunaaðila á mörkuðum málsins og sú samþjöppun sem af samrunanum leiðir gefur ekki tilefni til að telja samrunaaðila markaðsráðandi, eða ætla að þeir öðlist við samrunann nægilegan efnahagslegan styrkleika til þess að valda skaða fyrir neytendur og tjóni fyrir samfélagið. Þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að upplýsingar frá Ríkisskattstjóra varðandi innflutning á byggingavörum gefi góða mynd af markaðnum enda séu vörur sem samrunaaðilar selja nánast að öllu leyti innfluttar og kaup frá aðilum á heildsölumarkaði innanlands hverfandi og að sögn samrunaaðila telst slíkt til undantekningartilfella.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

42. Samanburður á veltu fyrirtækja sem starfa á markaðnum bendir hvorki til þess að við samrunann myndist markaðsráðandi staða, né að hún styrkist. Þó er ljóst að fjárhagsleg staða Fagkaupa og markaðshlutdeild sem félagið öðlast með samrunanum styrkir félagið, sem lýsir sér m.a. í því að vöruúrval félagsins eykst enn frekar ásamt auknum möguleikum á hagræðingu. Það eru þó ekki atriði fyrir hendi sem benda til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti enda er samþjöppun vegna samrunans óveruleg auk þess sem öflug fyrirtæki eins og Byko, Húsasmiðjan og Bauhaus bjóða að miklu leyti upp á vörur í sömu vörflokkum og samruninn tekur til. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru áhrif samrunans ekki slík að þau réttlæti íhlutun.
43. Samkeppniseftirlitið mun leggja ríka áherslu á eftirlit með m.a. byggingariðnaðinum vegna efnahagsástandsins enda byggingastarfsemi mikilvæg atvinnugrein í íslensku efnahagslífi. Brýnt er að samkeppni sé öflug og að fyrirtæki sjái sér áfram fært um að veita keppinautum öflugt aðhald í virku samkeppnisumhverfi. Samkeppniseftirlitið hefur haft mörg samrunamál til skoðunar innan byggingariðnaðarinnar að undanförunu, auk þess sem Fagkaup hefur keypt m.a. félögin Varma og vélaverk ehf., KH vinnuföt ehf., ÍJ ehf., fyrrum heildverslun Ísleifs Jónssonar og Hagblikk á síðastliðnum tveimur árum. Samkeppniseftirlitið mun því fylgjast vel með frekari samrunum á þessum markaði og gæta þess að þeir skaði ekki samkeppni með umtalsverðum hætti.
44. Að gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að kaup Fagkaupa á öllum öllu útgefnu hlutafé BG Fossberg leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna.

IV. Ákvörðunarorð:

„Kaup Fagkaupa ehf. á öllu útgefnu hlutafé BG Fossberg ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

⁵ Upplýsingar frá Tollstjóra bárust um sundurliðun á innflutningi í 39., 65., 82. – 84. og 90. kafla tollskrár sem inniheldur m.a. rafmagnsverkfæri, loftpressur, handverkfæri, festingar, bora og snittverkfæri. Nánari upplýsingar um nákvæmlega hvaða vörur falla undir hvern flokk er að finna í vef tollskrá á heimasíðu Skattsins: <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tollamal/tollskra/>



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson